

Samþykt

130
11. nóv.

um kornforðabúr til skepnufóðurs í Borgarfjarðarhreppi.

Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909, gert eftirfylgjandi samþykt fyrir Borgarfjarðarhrepp.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er sá, að koma í veg fyrir hættu af fóðurskortri búpenings.

2. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins og stendur undir umsjón hreppsnefndar. Það er aðallega stofnað með gjöf frá Þorsteini Magnússyni í Höfn og konu hans Önnu Bjarnadóttur, í þeim tilgangi að koma sliku búi á fót. Reksturskostnaðurinn, að því leyti sem hann fæst ekki annarstaðar frá, greiðist úr sveitarsjóði.

Tekjunum af gjöfinni skal varið til eflingar forðabúrinu, þar til það er, að áliti stjórnenda þess, orðið nægilega öflugt; þá skal þeim varið til reksturskostnaðar þess. Afganginum skal varið samkvæmt skipulagskrá gefendanna.

Verði þá aðrar tekjur af forðabúri þessu, renna þær í sveitarsjóð.

3. gr.

Forðabúrið hefir sjerstakan reikning og skal hann, ásamt skýrslu um það, árlega sendur sýslunefnd með hreppsreikningnum.

4. gr.

Þá er þess er þörf, lána hreppsnefnd hreppsþúum korn úr forðabúrinu til skepnufóðurs og til manneldis, ef nauðsyn krefur; þó ekki fyr en hálfur mánuður er af sumri, nema sjerstakar ástæður mæli með því.

5. gr.

Hreppsþúar skulu skyldir til að endurnýja kornið eftir samkomulagi árlega. Komist samkomulag ekki á, jafnar hreppsnefnd korninu niður á hreppsþúa eftir gripafjölda síðastliðinn vetur, og eru þeir skyldir að hlíta því mati.

6. gr.

Kornlán öll úr búrinu skulu endurgreidd innan ágústmánaðarloka með jafnmiklu og jafngóðu korni fluttu að búrinu; ella greiðist verð þess á annan

130 þann hátt, sem hreppsnefnd tekur gildan. Hvort sem kornið er lánað úr 11. n.óv. búrinu, eða skift niður á hreppsbúa, skulu þeir enn fremur greiða 2½ eyri fyrir hvert kílógr. af þunga þess sem hver fær, meðan aðrar tekjur forðabúrsins hrökkva ekki fyrir gjöldum þess.

7. gr.

Sjeu kornlán ekki endurgreidd á rjettum tíma, skal hreppsnefnd kaupa það sem ávantar og láta flytja að búrinu, hvorttveggja á kostnað lántakanda; skal það gert svo snemma á hausti, að við vetrarbyrjun sje jafnan fyrir hendi hinn ákveðni kornforði.

Minsta kornlán skal vera 25 kg.

8. gr.

Komi það í ljós að einhver hreppsbúa misbrúki forðabúrið á þann hátt, að setja óvarlega á hey sín, og þurfi því oftár en í eitt ár í senn á kornláni að halda til skepnufóðurs, án þess að mikil harðindi sjeu eða ófyrirsjáanleg atvik valdi, skal hreppsnefnd láta hann vita, að framvegis geti hann ekki vænst meira kornláns úr búrinu, en honum beri að rjettri tiltölu við aðra hreppsbúa eftir gripafjölda þeim, er hæfilegt hefði verið að setja á hey hans eftir staðháttum og sveitarvenju.

9. gr.

Sýslunefnd Norður-Múlasýslu kýs árlega mann til þess að hafa eftirlit með því, að samþykkt þessi sje haldin.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að 20 krónum, sem renna til forðabúrsins.

Mál, sem rísa útaf brotum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hjer með til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 11. nóvember 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.